

61. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
6. og 7. mars 2015

Pingskjal nr: 2013 – 15a

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir að skipa nefnd til að móta Aldursflokkameistaramót Íslands, AMÍ, til framtíðar. Einnig skal nefndin skoða Unglingameistaramót Íslands, UMÍ og meta samhliða hvort þörf sé á UMÍ í nánustu framtíð.

Í nefndinni skulu eiga sæti 7 fulltrúar skipaðir af eftirtöldum aðilum;

- Stjórn SSÍ (1)
- Starfandi þjálfurum (1)
- DMT nefnd SSÍ (1)
- Landsliðsnefnd SSÍ (1)
- Sundfólki á aldrinum 15-17 ára (2)
- Fulltrúi félaga kosinn á sundþingi (1)

Formaður nefndarinnar er fulltrúi stjórnar SSÍ.

Nefndin leitar eftir viðhorfum forsvarsfólks félaga, þjálfara og sundfólks í vinnu sinni.

Nefndin skal hafa að leiðarljósi að auka möguleika yngsta sundfólksins (12 ára og yngri) til að ná inn á AMÍ. Í því sambandi á hún sérstaklega að skoða málefni 10 ára og yngri. Nefndin skoðar einnig keppnisrétt og stöðu eldra sundfólksins (14 ára og eldri) og hvort það sé þörf á því að sundfólk 18 ára og eldra hafi keppnisrétt á mótinu. Þá á nefndin að gera tillögu um hvernig aldursflokkum/árgöngum verður háttáð á mótinu og hvernig beri að verðlauna einstaklinga fyrir einstaklingsgreinar og fyrir framfarir og heildarárangur. Nefndinni ber einnig að gera tillögu um hvort og þá hvernig stigakeppni félaga skal fara fram.

Nefndin leitar víðtækrar samstöðu um niðurstöðu sína og skilar áfangskýrslu á formannafundi haustið 2015. Nefndin skilar lokaniðurstöðu sinni fyrir lok október 2015 til stjórnar SSÍ.

Sundþing felur stjórn SSÍ að setja reglugerðir um AMÍ og UMÍ byggðar á niðurstöðum nefndarinnar.

Greinargerð

Undanfarin ár hafa margar hugmyndir um AMÍ litið dagsins ljós, tilraun var gerð með að skipta mótinu upp með því að bæta við UMÍ sem 50 metra mót en þessar tilraunir innan hreyfingarinnar að koma þessum hugmyndum í orð og hrinda þeim í framkvæmd hafa ekki gengið vel. Það er semsagt ljóst að það er ekki full sátt um AMÍ og UMÍ eins og þau eru í dag en mjög einstaklingsbundið er hvers vegna fólk vill breytingar. Á stundum er það jafnvel árstíðabundið. Ýmis rök hníga að því að þessi tvö mót verði að einu móti, eins og til dæmis að það er dýrt fyrir félög að senda sundfólk til keppni með þetta stuttu millibili, en önnur rök eru fyrir því að við ættum að halda í UMÍ. Það er hinsvegar ljóst að sumum finnst nauðsynlegt að setja upp mót í löngu brautinni á þessum tíma til að ná lágmarkum og fylgja eftir áætlunum sundfólks sem er að fara á alþjóðleg mót, því annars þurfi að fara á mót erlendis í þeim tilgangi. Einnig hefur því verið haldið til haga þeim rökum að yngra sundfólki finnst eftirsóknarvert að synda á sama sundmóti og þeir sem eldri eru.

Þá hefur komið í ljós að árangur yngsta sundfólksins er með þeim hætti að færri komast á þetta mót en áður úr yngstu aldursflokkunum. Þessu vilja mjög margir breyta og þess vegna er mikilvægt að víðtæk sátt náist um hvernig ber að framkvæma AMÍ og eftir atvikum UMÍ.

Nefndin fær í hendur fyrri reglugerðir AMÍ, tillögur sem hafa verið fluttar á sundþingum undanfarinna ára auk athugasemda sem gerðar hafa verið á formannafundum.

Við höfum lent í því ítrekað að vera að krukka í fyrirliggjandi texta á þingi og jafnvel gert breytingar á reglugerðum um mót sem ekki standast almenn ákvæði SSÍ og lög. Það er ástæðan fyrir því að ekki liggur fyrir bein tillaga að reglugerðum AMÍ og UMÍ, heldur er nefndinni ætlað að meta það hvort breytinga sé þörf og ná samstöðu um þær. Með þessu móti ættum við að geta náð sátt um málið og þurfum ekki að eyða frekari orku í rökraður um hvað sé betra eða verra í þessu sambandi.

Vert er að geta þess að fyrir þinginu liggur fyrir önnur tillaga sem tekur á málum fyrir árið 2015.